

L Ö G

um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 5 29. jan. 1951 og lög nr. 6 17. febr. 1959, um breyting á þeim lögum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í stað orðanna „nr. 70 30. júní 1958“ í 1. mgr. 1. gr. laganna komi: settri samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn 1. gr. varða sektum, 1000—2000 kr., ef um er að ræða skip allt að 200 rúmlestum brúttó að stærð, en 15000—20000 kr., ef skipið er 200—600 rúmlestir brúttó að stærð, og 15000—25000 kr., ef skipið er yfir 600 rúmlestir brúttó að stærð. Skulu þá og öll veiðarfæri í skipinu, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs, upptæk. Nú næst ekki í skipstjóra, og er þá einnig heimilt að gera upptækt skipið sjálft eða andvirði þess að hluta. Upptöku má einnig beita, þótt ekki hafi verið höfðað refsímál út af broti, og þótt refsímáli verði ekki komið fram. Máli til upptöku má þá beina gegn eigendum skipsins, umboðsmönnum þeirra eða umráðamönnum þess.

Brot gegn 2. gr. varða sektum, 200—1000 kr., ef um er að ræða skip allt að 200 rúmlestir brúttó að stærð, en 2000—10000 kr., ef skipið er yfir 200 rúmlestir brúttó. Um upptöku afla og veiðarfæra fer sem um brot gegn 1. gr., ef um ítrekað brot er að ræða. Nú er það ljóst af öllum atvikum, að skipið hefur hvorki verið að veiðum innan fiskveiðimarka né undirbúningur gerður í því skyni og má þá ljúka málinu með áminningu, þegar um fyrsta brot er að ræða, en ef um ítrekað brot er að ræða með sektum, 200—2000 kr.

Leggja má löghald á skipið og selja það að undangenginni aðför, til lúkningar sektum samkvæmt þessari grein og kostnaði.

Við upptöku skv. 1. mgr. og aðför skv. 3. mgr. fellur niður veðréttur eða aðrar kvaðir, sem hvíla kunna á upptækum verðmætum.

3. gr.

Fyrri málsliður 6. gr. laganna orðist svo: Skipstjóri, er gerir sig sekan um ítrekað brot gegn 1. gr., skal auk refsingar þeirrar, sem getur um í 4. gr., sæta varðhaldi eigi skemur en 2 mánuði.

Í stað orðsins „fangelsi“ í síðari málslið greinarinnar komi: varðhald og í stað „3. gr.“ komi: 4. gr.

4. gr.

Upphaf 7. gr. laganna orðist svo:

Allar sektir samkvæmt lögum þessum eru miðaðar við gullkrónur, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

Sektarfé eftir lögum þessum, svo og andvirði upptækra verðmæta, rennur í Landhelgissjóð Íslands.

5. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Um mál þau, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara að hætti opinberra mála.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella þau inn í meginmál laga nr. 5 18. maí 1920 með áorðnum breytingum og gefa þau út að nýju með fyrirsögninni: Lög um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Finnsson.

Gizur Bergsteinsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við 14. gr. bætist ný málsgrein, 4. málsgrein, er orðist svo:

Frá tekjum sjómanna á öðrum íslenskum skipum skal draga kostnað vegna hlífðarfata. Frádrátturinn miðast við þann vikufjölda, sem sjómenn eru lögskráðir á skip, og ákveðst kr. 500.00 á mánuði.

2. gr.

Lög þessi skulu öðlast gildi þegar í stað og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1966.

Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Finnsson.

Gizur Bergsteinsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.